

Garðabær 19.09 2019

Erindi til bæjarráðs varðandi merkingar fyrir Hönnunarsafn Íslands

Áður en ég tók til starfa á safninu hafði Harpa forveri minn fengið styrkveitingu til þess að bæta úr leiðarvísunum á safnið. Þeir sem eru helst í vandræðum með að finna safnið er fólk sem kemur hingað með strætó. Það kemur dálítið á óvart þar sem ég hefði haldið að flestir notuðu google maps. En fólk vill stundum ekki nota símann nema hann sé tengdur við net og svo sýnir google maps ekki göngustígana í Garðabæ. Þetta er vandamál sem okkur langar mikið til að leysa og áföst er tillaga sem mig langar góðfúslega að sækja um að fá leyfi til að framkvæma.

Fyrir nokkrum árum var leiðin í safnið frá strætóstoppustöðinni merkt með máluðu lógói á gangstéttina sem vísaði veginn. Þessar merkingar virkuðu ágætlega en hafa nú máðst burt.

Hugmyndin sem áfastar myndir sýna er hugmynd sem Rán Flygenring og Sebastian Siegler hafa unnið í samtali við safnið og við erum mjög spennt fyrir. Hún sýnir leiðina með sama viðmóti og Google maps þ.e. bláar doppur sem leiða þig frá stoppustöðinni við Ásgarð að safninu. Þegar þú kemur út úr strætó sérð þú talbólu á ljósastaurnum við stoppustöðina (eins og í Google maps) sem sýnir hve langur gangur er þaðan að safninu. Við myndum svo merkja 3 stauro til viðbótar á leiðinni sem sýna hve langt er að safninu. Þegar loks komið er að safninu er rauð merking / droplaga sem merkir áfangastaður eins og í Google maps í einu blómakarinu.

Google maps sýnir ekki göngustígana í Garðabæ en okkar google maps leiðir þig eftir göngustígnum.

Í þessari hugmynd rennur saman starfræni heimurinn og atómheimurinn á einfaldan og skemmtilegan hátt. Allir þekkja viðmótið, hvað sem þeir koma í heiminum.

Með von um að hugmyndin fái jákvæðar viðtökur.

Virðingarfyllst,

Sigríður Sigurjónsdóttir
Forstöðumarður

